



# Samsöngur í íslensku skólastarfi

Sönglögin sem Íslendingar eiga að kunna að mati  
tónmenntakennara

Ásdís Björg Gestsdóttir

Erla Jónatansdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

## **Samsöngur í íslensku skólastarfi**

***Sönglögin sem Íslendingar eiga að kunna að mati  
tónmenntakennara***

Ásdís Björg Gestsdóttir

Erla Jónatansdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016

Samsöngur í íslensku skólakerfi

Sönglöggin sem Íslendingar eiga að kunna að mati tónmenntakennara

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs

í grunnskólakennarafræði við kennaradeild,

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Ásdís Björg Gestsdóttir og Erla Jónatansdóttir, 2016

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfunda.

Reykjavík, 2016

## Ágrip

Markmið þessa verkefnis er að kanna hvaða sönglög tónmenntakennurum finnst að allir Íslendingar eigi að kunna. Um leið er markmiðið að skoða sögu söng- og tónmenntakennslu í grunnskólum landsins og hvert gildi samsöngs er fyrir þá sem syngja saman í hóp. Uppbygging verkefnisins er þannig að fyrst er sagt frá söng sem fyrirbæri, því næst farið yfir söng- og tónmenntakennslu í tengslum við námskrár sem komið hafa út á Íslandi. Þá er farið yfir gildi samsöngs, hvað hafa þarf í huga við lagaval og útgefið efni ætlað til söngkennslu í grunnskólum skoðað með lagaval í huga. Gagna var aflað með því að leggja spurningalista fyrir tónmenntakennara sem eru á póstlista Tónmenntakennarafélags Íslands. Gögnin voru svo borin saman við niðurstöður svipaðrar könnunar sem Þórunn Björnsdóttir gerði árið 1991 en sú könnun var kveikjan að þessu lokaverkefni. Þegar gögnin voru greind var skoðað hvað, ef eitthvað, hafði breyst frá fyrri könnuninni og hugsanlegar ástæður settar fram. Helstu niðurstöður voru þær að tónmenntakennarar virðast vera meðvitaðir um að viðhalda þekkingu á lögum sem lifað hafa með þjóðinni lengi en ný lög bætast reglulega við. Breytingin frá árinu 1991 er ekki mikil en virðist vera í takt við þær áherslur í tónmenntakennslu að auka víðsýni með fjölbreyttri tónlist.

## Efnisyfirlit

Ágrip .....	3
Myndaskrá .....	5
Töfluskrá .....	5
Formáli .....	6
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>7</b>
<b>2 Samantekt um gildi samsöngs, sönghefðir og útgáfu á Íslandi .....</b>	<b>8</b>
2.1 Söngur sem fyrirbæri .....	8
2.2 Tónmennt á Íslandi .....	9
2.3 Samsöngur innan og utan tónmenntastofunnar .....	12
2.4 Lagaval .....	14
2.5 Söngvasöfn á Íslandi .....	16
2.5.1 Útgefið efni .....	16
2.5.2 Söngvasöfn á netinu .....	20
2.5.3 Samantekt .....	21
<b>3 Rannsóknaraðferð .....</b>	<b>23</b>
3.1 Þátttakendur og framkvæmd .....	23
3.2 Úrvinnsla gagna .....	24
<b>4 Niðurstöður .....</b>	<b>25</b>
<b>5 Umræður .....</b>	<b>31</b>
<b>6 Lokaorð .....</b>	<b>36</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>37</b>
<b>Viðaukar .....</b>	<b>41</b>
6.1 Spurningalisti .....	41
6.2 Listi yfir öll nefnd lög .....	42

## Myndaskrá

Mynd 1. Tónlistarbakgrunnur þátttakenda .....	24
Mynd 2. Nefndir titlar í hverjum flokki .....	25
Mynd 3. Fjöldi nefndra atriða í hverjum flokki .....	26
Mynd 4. Lög sem leikskólabörn sungu að eigin vali (Bryndís Baldvinsdóttir, 2013, bls. 34. Birt með leyfi höfundar).....	33

## Töfluskrá

Tafla 1. Lög sem nefnd eru í fleiri en einum flokki .....	27
Tafla 2. Þau lög sem oftast voru nefnd .....	28
Tafla 3. Efstu lög í flokki ættjarðarlaga .....	29
Tafla 4. Efstu lög í flokki þjóðlaga .....	29
Tafla 5. Efstu lög í flokki barnalaga .....	29
Tafla 6. Efstu lög í flokki jólalaga .....	30
Tafla 7. Efstu lög í flokki dægurlaga .....	30
Tafla 8. Efstu lög í flokknum annað .....	30
Tafla 9. Lög sem nefnd eru í báðum rannsóknum .....	32
Tafla 10. Lög með erlendan texta .....	34

## Formáli

Undirritaðar eru báðar söngmenntaðar, hófu söngferil sinn 7 ára í barnakórum og hafa síðan sungið. Í námi okkar á kjörsviðinu *Tónlist, leiklist, dans* við Menntavísindasvið Háskóla Íslands höfum við kynnst því hvernig söngur fléttast inn í skólastarf og þá sérstaklega námsgreinina tónmennt. Áður höfðum við báðar lagt stund á nám í söng og söngkennslu. Það lá því beint við að fjalla um söng í skólastarfi í lokaverkefni okkar.

Við viljum þakka leiðbeinanda okkar, dr. Helgu Rut Guðmundsdóttur, fyrir góðar ábendingar og stuðning við skrifin. Við viljum einnig þakka fjölskyldum okkar fyrir ómetanlegan stuðning, og þá sérstaklega Jónatani Garðarssyni sem alltaf var tilbúinn að lesa verkefnið yfir og koma með ábendingar. Þá viljum við þakka Þórunni Björnsdóttur kærlega fyrir að gefa sér tíma til að hitta okkur og ræða rannsókn sína, tilurð hennar og útgáfu söngvasafns í framhaldinu.

Það kom okkur skemmtilega á óvart þegar svör tóku að berast við rannsóknarspurningum sem við sendum út, að við þekktum og kunnum mikinn meirihluta þeirra laga sem nefnd voru. Þann tíma sem verkið var unnið, gögnin greind og rýnt í niðurstöður, gerðist það ósjaldan að ósjálfrátt rauluðum við lögin sem um var rætt. Við teljum öruggt að þessa víðtæku þekkingu á fjölbreyttum lögum megi m.a. rekja til þess frábæra kórastarfs sem við höfum lagt stund á frá fyrstu tíð. Við viljum því færa kórstjórum okkar í gegnum tíðina kærar þakkir fyrir gott og fjölbreytt tónlistaruppeldi. Að lokum viljum við tileinka verkefnið minningu Jóns Stefánssonar kórstjóra.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, 10. maí 2016

Ásdís Björg Gestsdóttir (ságn.)

Erla Jónatansdóttir (ságn.)

## 1 Inngangur

Tilurð þessa lokaverkefnis var sú að leiðbeinandi okkar, dr. Helga Rut Guðmundsdóttir, benti okkur á rannsókn þar sem Þórunn Björnsdóttir tónmenntakennari og kórstjóri skoðaði hvaða sönglög Íslendingar ættu, samkvæmt almenningsáliti, að kunna. Sú rannsókn leiddi af sér nótnahefti sem innihélt þau lög sem flestir nefndu. Rannsókn Þórunnar var framkvæmd árið 1991 og okkur fannst því sérstaklega áhugavert að velta því fyrir okkur hvaða sönglög Íslendingar ættu að kunna í dag og hvort, eða þá hvaða breytingum lagaval þjóðarinnar hefði tekið á 25 árum. Umfang rannsóknar Þórunnar var þó stærra en tækifæri og tími var til að vinna sem B.Ed.- verkefni þar sem þátttakendur þeirrar rannsóknar voru um það bil þúsund. Í samráði við leiðbeinanda ákváðum við því að miða markhóp okkar við menntaða og/eða starfandi tónmenntakennara á Íslandi en byggja spurningar okkar til þátttakenda á rannsókn Þórunnar og biðja þátttakendur að nefna lög úr ákveðnum flokkum sönglaga: ættjarðarlög, þjóðlög, barnalög, jólalög og dægurlög. Með því að takmarka rannsókn okkar við þátttakendur sem sérhæfa sig í tónlist með börnum og unglíngum gafst okkur einnig tækifæri til að tengja niðurstöður okkar við tónmennt sem námsgrein og íslenskt námsefni í tónmennt.

Hér á eftir verður fjallað um söng sem fyrirbæri og hefð fyrir samsöng í íslensku skólakerfi. Fjallað er um önnur tækifæri til samsöngs innan skólastarfs og rannsóknir á samsöng og áhrifum hans á m.a. andlega heilsu og sjálfstraust. Einnig verður fjallað um það sem þarf að hafa í huga í sambandi við lagaval fyrir nemendur. Þá verður farið yfir íslensk sönghefti sem hafa verið gefin út með samsöng í grunnskólum í huga. Í framhaldinu verður gerð grein fyrir nótnasöfnum á netinu. Greint verður frá niðurstöðum úr rannsókninni, fjallað um þær og þær skoðaðar meðal annars með hefti Þórunnar til hliðsjónar.



## 2 Samantekt um gildi samsöngs, sönghefðir og útgáfu á Íslandi

### 2.1 Söngur sem fyrirbæri

Söngur finnst í öllum þekktum menningarsamfélögum (Lomax, 1968, bls. 3). Þar sem fólk kemur saman er oft sungið, jafnvel þó tilefnið sé ekkert tengt tónlist eða tónlistariðkun, t.a.m. er oft sungið á íþróttamótum og kappleikjum eða þegar fólk hittist á annarskonar samkomum. Við hátíðleg tilefni er gjarnan viðhafður fjöldasöngur og bæði á gleði- og sorgarstundum er sungið (Lomax, 1968, bls. 15). Söngurinn getur þannig túlkað mismunandi tilfinningar; gleði, sorg og ást. Kosturinn við sönginn er að mannlíkaminn er hljóðgjafi sem er alltaf til staðar. Allir geta myndað hljóð og geta því sungið og það er ekki nauðsynlegt að hafa sérstaka eða sérútbúna aðstöðu til söngs (Cohen, 2011, bls. 173).

Foreldrar nánast alls staðar í heiminum syngja fyrir ung börn sín bæði þekkt lög og frumsamin. Ungabörn bregðast sérstaklega vel við söng og söngróm raddarinnar og er það í raun það fyrsta sem þau bregðast við þar sem heyrnin þroskast á undan sjóninni (Adachi og Trehub, 2012). Þegar börnin eldast syngja þau oft í leik, bæði lög sem þau þekka og ný lög sem þau búa til, eða setja saman lagabúta. Þessi tegund söngs barna er oft kallað sjálfsprottinn söngur (e. spontaneous singing) (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013a, bls. 6). Það getur verið mismunandi eftir einstaklingum hversu mikið börnin syngja og hvað verður fyrir valinu, þekktir söngvar eða tilbúnir söngvar (Whiteman, 2001, bls. 225).

Mills (2005) segir að tónlist sé meðfæddur hæfileiki sem allir búi að rétt eins og töluðu máli og að hlutverk tónmenntakennarans sé að halda við þessari náttúrlegu getu. Phillips (1996) heldur því hins vegar fram að söngur sé lærdur en ekki meðfæddur hæfileiki, en allir geti og eigi rétt á að læra að syngja til þess að njóta tónlistar sem virkir þátttakendur. Það taki tíma og æfingu þar sem söngur byggist á þremur mismunandi þáttum, því að kunna eitthvað vitsmunalega (e. cognitive), því að framkvæma líkamlega (e. psychomotor) og því að njóta (e. affective) (Phillips, 1996, bls. 106). Mikilvægt er að þjálfra þessa hæfni og hafa rannsóknir á söngfærni skólabarna sýnt að lagvísi þeirra eykst eftir því sem líður á skólagönguna. Það er ekki hægt að fullyrða að þetta sé aðeins vegna aukinnar söngæfingar en þó má ætla að eftir því sem börnin læri fleiri lög og æfi sig meira verði þau lagvissari (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013a, bls. 7).

## 2.2 Tónmennt á Íslandi

Innan íslensks skólakerfis er sterk hefð fyrir söng. Tónmennt hefur með einum eða öðrum hætti verið hluti af menntun grunnskólabarna frá upphafi skólaskyldu hér á landi. Allt frá því að fyrsta námskráin, *Námsskrá fyrir barnaskóla*, kom út árið 1929, þar sem fagið nefnist einfaldlega söngur, hefur verið lögð áhersla á að nemendur syngi sér til hvíldar, fjörgunar og skemmtunar (Fræðslumálastjórnin, 1929, bls. 9). Þar áður, eða við upphaf 20. aldarinnar, lagði Guðmundur Finnbogason, frumkvöðull í menntamálum landsins, áherslu á að mikilvægt væri að syngja í skólastofunni við hvert tækifæri sem gæfist (Guðmundur Finnbogason, 1903, bls. 111–114). Áherslur í tónmenntakennslu hafa þróast og breyst í gegnum árin og verða þessar breytingar dregnar fram hér með áherslu á þátt söngs innan tónmenntarinnar.

Í ritinu *Lýðmenntun* sem kom út árið 1903 birti Guðmundur Finnbogason hugleiðingar sínar og niðurstöður rannsókna á uppeldis- og menntamálum erlendis og lagði til hvernig byggja skyldi upp innlent skólakerfi í samræmi við þær. Þarna var lagður grunnur að fyrstu lagasetningunni um barnafræðslu á Íslandi. Guðmundur nefndi þær námsgreinar sem hann taldi að mikilvægt væri að kenna í hverjum skóla og nefndi sönginn þar á meðal (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 111). Hann mælti sérstaklega með því að rækta einradda söng þar sem flestir gætu tekið undir og sungið saman. Þannig mætti læra ljóð, leggja áherslu á námsefnið sem unnið er með hverju sinni en umfram allt rækta andann og auka samkennd nemenda (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 111–114). Í sama riti lagði hann til að stofnaður yrði sérstakur kennaraskóli og að gott söngeyra og söngrodd væru inntökuskilyrði í þann skóla. Söngur skyldi vera ein af aðalnámsgreinum þessa nýja skóla og kenna skyldi söng öll námsárin (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 196–197).

Í fræðslulögunum sem sett voru 1907 var námsgreinin söngur strax orðin skyldugrein og skyldu nemendur kunna nokkur einföld lög „einkum við íslensk ættjarljóð“ (Ólafur Rastrick, 2008, bls. 167). Í upphafi var lögboðið að kennsla færi fram tvær stundir á viku frá og með 5. bekk og upp í 7. bekk en ekki var skylda hjá börnum í neðri bekkjum að stunda söng í skólanum. Þó að söngur væri skylda var kennslan mismunandi eftir skólum. Yfirleitt var stórum hópum kennt saman og áttu allir að læra lögin utan að (Loftur Guttormsson, Ólafur Rastrick og Ólöf Garðarsdóttir, 2008, bls. 204–205). Það var ekki fyrr en fyrsta námskráin var gefin út árið 1929 að línur voru lagðar um hvernig kenna skyldi söng sem námsgrein.

Í *Námsskrá fyrir barnaskóla* (1929) koma fram viðmið fyrir námsgreinina söng. Gert er ráð fyrir söngkennslu allt frá fyrsta skólaári til sjöunda skólaárs og aukast kröfurnar um fjölbreytt lagaval og nótnalestur eftir því sem nemendur verða eldri (Fræðslumálastjórnin,

1929, bls. 9). Fyrstu árin átti að syngja „létt og barnsleg ljóð, eftir því sem við á, í öllum kennslustundum til hvíldar, fjörgunar og skemmtunar“ (Fræðslumálastjórnin, 1929, bls. 9). Undir lok skólagöngu áttu nemendur einnig að læra tví- og þríraddaðan söng og meiri kröfur voru gerðar til rétts framburðar og flutnings (Fræðslumálastjórnin, 1929, bls. 9). Gert var ráð fyrir því að bekkjarkennari sæi um söngkennsluna í fyrstu bekkjum barna-skóla en á fjórða og fimmta ári væri ein kennslustund í viku sérstaklega ætluð söng og á sjötta og sjöunda ári tvær kennslustundir á viku. Í farskólum var einnig gert ráð fyrir söngkennslu, nánar tiltekið tveim kennslustundum á viku öll fjögur árin frá 10 ára til 13 ára aldurs (Fræðslumálastjórnin, 1929, bls. 11).

Í *Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskilyldualdri* sem kom út árið 1960 hefur nafn námsgreinarinnar breyst og heitir nú tónlist. Þar er nefnt að aðaláherslan sé á að kenna nemendum algeng sönglög og að kenna þeim að tjá sig í söng á fágaðan hátt þannig að þeir temji sér réttan og skýran framburð ljóðs og lags. Meginmarkmið tónlistarkennslunnar eru þau að „vekja áhuga, skilning og þekkingu nemendanna á tónlist almennt og efla félagshæfni þeirra innan skólans og utan“ (Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 69). Tónlist stóð nemendum til boða allt frá fyrsta skólaskilylduári, eða 7 ára, og til skólaloka og jukust þekkingarkröfurnar með hverju árinu. Þrjú helstu viðfangsefni voru 1) raddþjálfun, 2) hljóðfallsþjálfun og 3) heyrnarþjálfun (Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 69–71). Í upphafi viðmiða fyrir hvern aldursflokk eru alltaf nefnd sönglög sem æskilegt sé að kenna hverjum hópi. Fyrst eru nefnd barnalög og söngleikir, svo fara kröfurnar stigvaxandi með hækkandi aldri. Þá má nefna barnasálma, íslensk og erlend þjóðlög, ættjarðarlög, keðju-söngva, einföld tvíradalög og sönglög. Á unglingsstigi bætist síðan kórsöngur við (Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 69–71). Má því sjá að mikið var lagt upp úr því að nemendur lærðu fjölbreytt lög til að syngja auk þess sem áhersla var lögð á að kynna helstu hugtök tónlistar, allt í gegnum söng og röddina.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* sem kemur út 1976 hefur námsgreinin fengið nafnið tónmennt. Þar segir að gildi tónmenntakennslu sé fyrst og fremst fólgið í tónlistinni sjálfri og iðkun hennar (Menntamálaráðuneytið skólarannsóknardeild, 1976, bls. 2). Markmið tónmenntakennslu, eins og þau eru sett fram 1976, eru margþættari en áður og eiga m.a. að þroska og efla tónskyn og aðra tónlistarhæfileika nemenda og auka næmi þeirra fyrir tónlist ásamt því að stuðla að því að nemendur geri sér grein fyrir hlutverki tónlistar í samfélaginu, stöðu hennar og þróun (Menntamálaráðuneytið, 1976, bls. 2). Í námskránni kemur skýrt fram að söngur eigi að vera aðaluppistaðan í tónlistariðkun nemenda og að mestum hluta hveðrar kennslustundar skuli varið til söngiðkunar þó að hann megi ekki yfirtaka kennslustundina alfarið. Auk söngs er talað um að nemendur eigi að öðlast færni í

hlustun, hljóðfæraleik, hreyfingu við tónlist, lestri tónlistartákna og ritun hefðbundinna og eigin tákna við tónlist (Menntamálaráðuneytið, 1976, bls. 4–5). Þarna er því farið að víkka út hlutverk tónmenntakennslu og stuðla að meiri fjölbreytni. Árið 1976 kemur í fyrsta sinn fyrir sérstakur kafli um tengsl tónmenntar við nám í öðrum greinum, þó svo að það hafi verið nefnt að litlu leyti áður. Talað er um mikilvægi þess að gott samstarf almennra kennara og tónmenntakennara sé til staðar og hver greinin geti stutt aðra.

Eins og segir í *Aðalnámskrá grunnskóla* frá 1989 er okkur eðlilegt og nærtækt að nota röddina í tónlistariðkun og til allra tjáskipta. Þar sem röddin er frumhljóðfæri okkar er eðlilegast að byggja frekari tónlistarþjálfun á söng og raddbeitingu (Menntamálaráðuneytið, 1989, bls. 159). Meginmarkmið námskráarinnar frá 1989 eru nánast óbreytt frá 1976. Megininntaki kennslunnar er skipt í fjögur svið, en þau eru: söngur og raddbeiting, hreyfing og tjáning, hljóðgjafar og hljóðfæri, og hlustun og kynning. Þar með er búið að ramma betur inn það sem helst á að leggja áherslu á í tónmenntakennslu og línurnar lagðar fyrir hvert svið. Samkvæmt námskránni (1989) eiga nemendur að nota sönginn sem tjáningarform, þjálfva söngröddina og þroska, og kynnast söng sem sameiningar og félagslegu afli og í menningarlegu og sögulegu tilliti (Menntamálaráðuneytið, 1989, bls. 159). Síðarnefndu atriðin snúa beint að samsöng og mikilvægi hans í samfélögum manna.

Næsta námskrá kemur út 10 árum síðar, árið 1999. Þar er tónmennt sett undir sama hatt og myndlist, textílmennt, leikræn tjáning og dans, undir samheitinu listgreinar. Þar er sett fram viðmiðunarstundaskrá þar sem gert er ráð fyrir að fjórum kennslustundum á viku sé deilt niður á allar þessar greinar frá fyrsta bekk til áttunda bekkjar. Fyrir níunda og tíunda bekk á tónmennt að vera valgrein (Menntamálaráðuneytið, 1999a, bls. 29). Þrátt fyrir þessar fáu stundir sem deilast eiga á allar þessar greinar er tekið fram í tónmenntahlutanum að námskráin sé miðuð við að nemandinn fái að jafnaði tvo tíma í tónmennt á viku (Menntamálaráðuneytið, 1999b, bls. 55). Þar segir að „tónmenntakennsla hafi víðtækt gildi og felist í að efla alhliða þroska nemandans“. Þar segir einnig að tónlistariðkunin hafi yfirfræðslugildi á aðra hæfni og þekkingu (Menntamálaráðuneytið, 1999b, bls. 54). Inntak námsgreinarinnar er greint í þrjá flokka: 1) frum-, efnis- og leikniþætti, 2) sögulegt og félagslegt samhengi og 3) tónlistarlegt innsæi, og eru grunnþættir tónmenntakennslunnar skilgreindir innan þessara flokka. Söngur er enn mikilvægur en hlutverk hans hefur að einhverju leyti breyst. Enn er þó áhersla lögð á að nemendur læri sönglög sem hæfa hverju aldursstigi fyrir sig.

Í næstu námskrá sem kemur út 2007 er örlítið breytt viðmiðunarstundaskrá þar sem gert er ráð fyrir fleiri tímum fyrir listgreinar fyrir yngri bekki, en þeim fækkar svo þegar líður á skólagönguna (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 14). Meginmarkmið tónmenntar

eru óbreytt frá 1999 (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 23–24). Í báðum námskrám eru sett fram loka-, þrepa- og áfangamarkmið sem á að miða við að náist með kennslunni.

Í nýjstu námskránni frá 2011/2013 eru ekki einungis listgreinarnar flokkaðar saman heldur hafa verkgreinar á borð við hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði bæst við (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 139–166). Samkvæmt viðmiðunarstundaskránni á viðmiðunartíminn að skiptast jafnt á milli list- og verkgreina og má því reikna það svo að tónmennt fái 3–4 kennslustundir á viku í fyrsta til fjórða bekk, en þeim fari fækkandi eftir því sem nemendur eldast. Þannig eru áætlaðar 1–1,4 stundir í áttunda til tíunda bekk (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 52). Fer það eftir því hvort einhverjar greinanna eru kenndar saman eða í lotum hvernig skiptingin er. Vikið er frá loka-, þrepa- og áfangamarkmiðunum sem áður höfðu verið sett fram og í staðinn koma fram hæfniviðmið sem á að leitast við að ná við lok náms. Bæði eru sett fram sam-eiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar sem og fyrir hverja námsgrein fyrir sig (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 142,150–151). Athygli vekur að lítið er minnst á söng í þessari námskrá þó að minnst sé á röddina og hvernig nemendur eigi að geta beitt henni á mismunandi stigum námsins. Fjallað er um tónlist í víðara samhengi en áður, en ekki lagðar skýrar línur um það hvernig eigi að koma námsefninu til skila. Mikil áhersla er lögð á tónsköpun nemenda (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 150–151).

Þó ekki sé talað sérstaklega um söng í núgildandi aðalnámskrá segir þar að í ljósi margbrotins eðlis tónlistar sé mikilvægt að tengja hana öllu skólastarfi óháð námsgreinum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 150). Söngur gæti nýst vel í þessu samhengi í tengslum við aðrar námsgreinar og/eða í almennt skólastarf þar sem auðvelt er að grípa til söngsins hvar sem er.

### **2.3 Samsöngur innan og utan tónmenntastofunnar**

Samkvæmt rannsókn Helgu Rutar Guðmundsdóttur (2013b) um hlutverk íslenskra tónmenntakennara líta tónmenntakennarar almennt á söng sem einn mikilvægasta þátt tónmenntakennslu og flestir segja að ef þeim gæfist einungis tími til að kenna einn þátt tónlistar yrði söngur fyrir valinu (bls. 44). Tónmenntastofan er þó ekki eini vettvangurinn þar sem hægt er að auka samsöng en mjög oft er leitað til tónmenntakennara til að sjá um eða aðstoða við annan söng, svo sem skólasamsöng, undirleik eða kórstjórn (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013b, bls. 42–43). Nokkuð margir skólar hér á landi hafa tekið upp þá hefð að byrja skóladaginn á samsöng þar sem allir nemendur koma saman og syngja í stutta stund. Þá starfa skólakórar við marga grunnskóla, ýmist eftir skóla eða sem hluti af

valfögum (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013b, bls. 42–43). Því geta tækifæri nemenda til að syngja saman verið mörg. Mills (2005) telur jafnvel að í skólakerfi nútímans sé í heildina meiri söngur heldur en áður fyrr þar sem söngur í dag er ekki eingöngu miðaður við sérvalda og lagvissa nemendur í kór, fjölbreyttari lög eru sungin á fjölbreyttari hátt og nemendur eru hvattir til að syngja í gegnum raddbreytingar (bls. 10). Söngur er líklega einnig einfaldasta aðferðin fyrir kennara í öðrum fögum til að vinna með tónlist innan bekkjarins og sú leið sem flestir almennir kennarar velja (Jenneret & Degraffenreid, 2012, bls. 406).

Fjöldi rannsókna hefur verið gerður á áhrifum þess að syngja saman í hóp til dæmis á andlega heilsu og sjálfstraust. Rannsóknir benda einnig til þess að félagslegur þáttur samsöngs og kórastarfs sé ekki síður mikilvægur í huga þátttakenda en sá þáttur sem snýr að tónlistinni sem slíkri (Durrant, 2005). Þá bendir nýleg rannsókn til þess að það að syngja í kór hafi jákvæðari andleg áhrif heldur en einsöngur og að í kórum sé meiri samkennd en til dæmis í íþróttaliði, mögulega þar sem markmið samsöngs er sjaldnast að vinna keppni (Stewart & Lonsdale, 2016). Eðli samsöngs er félagslegs eðlis því að í samsöng mynda einstaklingar heild, óháð bakgrunni, skoðunum eða félagslegum grunni og vinna að sameiginlegu markmiði (Durrant, 2005, bls. 92).

Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir hér á landi á áhrifum söngs og viðhorfum þátttakenda til samsöngs. Þó má nefna rannsókn Sigrúnar Lilju Einarsdóttur og Helgu Rutar Guðmundsdóttur (2015) sem könnuðu persónuleg viðhorf fullorðinna kórsöngvara. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu meðal annars að 78% þátttakenda töldu að þátttaka í kór hefði jákvæð áhrif á sjálfstraust þeirra. Á svipaðan hátt fjallar norsk tilviksrannsókn Balsnes (2011) um tilvik þar sem kórþátttaka jók á andlega vellíðan þátttakenda og veitti þeim sjálfstraust til að bæta félagslega stöðu sína innan samfélagsins. Báðar ofangreindar rannsóknir fjalla um fullorðið fólk, en sömu sögu segja niðurstöður bæði Bartolome (2013) og Kennedy (2002) þar sem viðfangsefnið var viðhorf foreldra, kennara og kórmeðlima á unglingsaldri. Samkvæmt þeim voru foreldrar, kennarar og nemendur allir vissir um jákvæð áhrif þátttökunnar og nemendur nefndu oft hversu gott það væri að tilheyra hópi og vera hluti af heild. Það hefði góð áhrif á sjálfsmynd þeirra, yki sjálfstraust og styrkti félagslega stöðu þeirra í samfélaginu, eða eins og einn viðmælandi Bartolome sagði „eftir langan dag, ef ég kannski skil ekki eitthvað í skólanum, þá get ég mætt í kórin og ég veit að „já, ég get þetta. Ég get sungið þetta erfiða verk“, og það styrkir mig.“ (Bartolome, 2013, bls. 404).

Eins og áður segir er hægt að nota söng sem aðferð til að tjá tilfinningar og túlka líðan. Durrant (2005) bendir á svipbrigði söngvara þegar þeir túlka texta og nefnir einnig að þeir

sem eigi erfitt með að tjá sig um líðan sína eigi oft auðveldara með að fá útrás fyrir tilfinningar sínar í söng (bls. 93). Þetta virðist einnig eiga við um fólk sem þjáist af minnisleysi og elligliöpum (Ridder, 2007), einstaklinga með málgalla (Tarrant o.fl. 2016), fólk með geðfatlanir (Dingle, Brander, Ballantyne & Baker, 2013) og fólk á einhverfurófi (Eilat & Raichel, 2016). Í öllum ofantöldum rannsóknum komu í ljós jákvæð áhrif á tilfinningagreind, samkennd sem og jákvæð félagsleg áhrif. Eins hafa rannsóknir bent á að við söng, jafnvel í stutta stund, kemst fólk í betra skap, kvíði minnkar og fólk slakar betur á (Unwin, Kenny & Davis, 2002, Sanal & Gorsev, 2014).

## 2.4 Lagaval

Í sögulegu samhengi hefur helsta markmið tónmenntakennslu verið að fræða nemendur um tónlistarhefðir og tónlistariðkun fortíðar. Jorgensen (2006) nefnir að jafnvel þegar fjallað er um nútímatónlist sé mikilvægt að þekkja hefðina sem hún byggir á (bls. 36). Hún nefnir einnig að stærsti áhrifavaldur þess hvort tónlistarhefð eða tónlistararfur lifir eða deyr velti á skilvirkni tónlistarflutnings á milli kynslóða (bls. 78). Þá veltir hún fyrir sér markmiðum listkennslu, t.d. hvort kenna eigi listir í félagslegum, pólitískum eða öðrum samfélagslegum tilgangi, og hvort tónmenntakennslu ætti að nota til að velta fyrir sér siðfræðilegum álitamálum á milli ólíkra menningarheima. Hún spyr einnig hvernig tónmenntakennarar eigi að kenna allt frá tilraunakenndri tónlist (e. esoteric) til vinsællar dægurtónlistar nútímans og brúa bilið þar á milli (bls. 42). Mills (2005) bendir á að tónmenntakennsla er að breytast og veltir fyrir sér áhrifum þess meðal annars á lagaval „þegar við reynum að meta nýja tónlist [...] til að setja inn í námskrá sem er nú þegar troðfull af efni sem við viljum ekki missa.“ (bls. 9–10). Hún segir einnig að engin tónlist sé skólunum algjörlega óviðkomandi, en kennari þurfi ætíð að umgangast hana með virðingu fyrir bæði tónlistinni, menningu hennar og nemendum sínum.

Prickett og Bridges (1998) rannsökuðu þekkingu tónmenntakennaranema og tónlistarmedferðarnema annars vegar, og annarra kennaranema hins vegar, á lögum sem áður höfðu verið nefnd í rannsóknum sem lög sem allir Bandaríkjamenn ættu að þekkja, kunna eða geta sungið. Niðurstaðan var sú að nemendur með áherslu á tónlist þekktu fleiri lög en samanburðarhópurinn, en samt ekki nema um það bil 67% af þeim lögum sem allir voru taldir eiga að þekkja við lok grunnskóla. Af 579 þátttakendum gat enginn gert grein fyrir öllum 25 lögum. Prickett og Bridges drógu því þá ályktun að jafnvel á háskólastigi sé enn þörf á að bæta þekkingu nemenda á hefðbundnum lögum í stað þess að gera ráð fyrir að nemendur kunni þau (Prickett & Bridges, 1998, bls. 466).

Samkvæmt Georgii-Hemming og Westvall (2010) einkennist tónmenntakennsla í Svíþjóð af samsöng og samspili á ákveðnum stefnum popp- og rokktonlistar. Kennarar velja dægurlög sem þykja auðveld til útsetningar og samspils, eða nemendur velja lög sem þeir þekkja og vilja vinna með og því virðist oft lítil áhersla vera lögð á aðrar tónlistarstefnur eins og klassíska tónlist, þjóðlagatónlist, djass og tónlist úr öðrum menningarheimum. Þannig virðist markmið tónmenntakennara vera að gefa nemendum tækifæri og verkfæri til að móta sína eigin skoðun á tónlist frekar en að víkka sjóndeildarhring þeirra og kynna þá fyrir mismunandi tónlistarstílum með til dæmis fjölbreyttri tónlistarhlustun (Georgii-Hemming & Westvall, 2010, bls. 25). Þarlend rannsókn sýndi að jafnvel þó svo að nemendum þætti tónmennt yfirleitt skemmtilegt fag fannst þeim námsgreinin á sama tíma oft á tíðum gamaldags og tónlistarval innan tónmenntastofunnar ekki nægilega fjölbreytt (Georgii-Hemming & Westvall, 2010).

Margt bendir til þess að endurtekin hlustun hjálpi til við að auka áhuga og dálæti (e. preferences) nemenda á áður óþekktri tónlist. Niðurstöður rannsóknar sem birt var 1971 sýna að á fjórtán vikna tímabili jók endurtekin hlustun áhuga nemenda í sjöunda bekk á tónlist sem flokkuð var sem listræn, til dæmis atonal tónlist (Bradley, 1971, bls. 296–298).

Í þeim rannsóknum sem fjalla um kóra, samsöng og lagaval (e. repertoire) virðist áhersla á mikilvægi fjölbreytts lagavals skipta máli, bæði með tilliti til tónlistarstefna og aldurs verka, og eins áferðar þeirra (styrkleika, hraða, takt). Þá nefna flestir mikilvægi þess að miða lagaval við aldur og áhuga söngvara (Bartolome, 2013, Durrant, 2005, Kennedy, 2002) og nefna margir þjóðlög. Niðurstöður Durrants (2005) benda til dæmis til þess að þjóðlög efla tilfinningu fyrir þjóðerni og þjóðarstolti (bls. 96). Einn viðmælandi hans nefndi að án tónlistar á móðurmálinu væri tónlist í hættu á að verða að „einni stórri Ameríku“ og vísar þá í ríkjandi tónlistarstefnur á enskri tungu (Durrant, 2005, bls. 94).

Tónlistarfræðingurinn David Elliott hefur sagt að námskrá tónlistar eigi að vera byggð á vel völdum tónverkum, í hæfilega fjölbreyttum stíl, sem gefi mesta möguleika á að þróa skilning á tónlist og tónlistarhæfileika og hámarki þar með ánægju barna af tónlistinni (Dolloff, 2005). Mills (2005) segir það eitt af markmiðum menntunar að kynna nemendur fyrir nýjum hugmyndum og nýju efni, þar á meðal tónlist, sem annars væri þeim framandi (bls. 63). Hún nefnir einnig að þegar unnið sé með nemendum í gegnum tónlist frá þeirra eigin menningarsvæði vinni kennarinn að því að víkka sjóndeildarhring þeirra. Því má draga þá ályktun að í íslenskum skólum sé mikilvægt að vinna með íslenska tónlist, en einnig að í fjölmeningarsamfélagi sé kjörið að nota tónlist til að kynna menningu og bakgrunn þeirra sem koma frá öðrum menningarsvæðum. Þannig megi bjóða nemendur með



erlendan bakgrunn velkomna í íslenska skóla svo lengi sem það sé gert með þekkingu á menningarmun og virðingu fyrir viðkomandi nemendum.

## 2.5 Söngvasöfn á Íslandi

Nokkuð er til af íslensku efni sem ætlað er fyrir söng- og tónmenntakennslu í grunnskólum og hefur Námsgagnastofnun staðið að útgáfu þess efnis að mestu leyti. Einnig hefur Skálholtsútgáfan staðið að útgáfu sönghefta undir nafninu *Söngvasveigur* en þau eru aðallega gefin út með kóra í huga. Áhugavert er að skoða efnistöð og uppsetningu þessa efnis með tilliti til útgáfuárs og má sjá breyttar áherslur á milli ára sem ríma við þau viðmið sem nefnd eru í aðalnámskrám hverju sinni. Hér á eftir verður greint frá söngvasöfnum og tónmenntakennslubókum sem komið hafa út á vegum Námsgagnastofnunar í útgáfuröð ásamt söngvasöfnum frá öðrum útgefendum, þar á meðal söngheftinu sem var kveikjan að þessu verkefni. Einnig verður greint frá nokkrum söngvasöfnum sem hægt er að finna á netinu.

Þegar námsefni Námsgagnastofnunar er skoðað kemur í ljós að oftast eru efnistöð fjölbreytt og lög og ljóð valin sem í flestum tilfellum ættu að höfða til barna. Hér verður fjallað um efni gefið út af Námsgagnastofnun með tilliti til söngs, bæði söngvasöfn og almennar tónmenntabækur sem innihalda söfn laga. Mest af þessu efni er fánlegt enn í dag á vef Námsgagnastofnunar en sumt er ófánlegt nema á bókasöfnum. Rýnt verður í hvort löggin eru sett fram á aðgengilegan hátt, hvort raddsetningar eða bókstafshljómar eru til staðar fyrir undirspil og hvernig lagavalið er.

### 2.5.1 Útgefið efni

#### 2.5.1.1 Nýtt söngvasafn, handa skólum og heimilum

*Nýtt söngvasafn, handa skólum og heimilum* er eitt fyrsta söngvasafnið með nótnasettum laglínnum sem sérstaklega er hugsað fyrir einraddaðan skólasöng. Safnið kom fyrst út 1946 fyrir tilstilli fræðslumálastjórnarinnar og í því eru 226 lög sem Friðrik Bjarnason og Páll Halldórsson tóku saman. Lagavalið er nokkuð fjölbreytt og þar er að finna barnalög, mörg ættjarðarlög og jólalög svo eitthvað sé nefnt. Lagavalið er í takt við þær áherslur sem nefndar eru í *Námsskrá fyrir barnaskóla* frá 1929 en þar stendur að nemendur eigi að syngja barnsleg ljóð í öllum kennslustundum og einrödduð lög sem liggja vel fyrir raddsviði á fyrsta til fjórða skólaári (Fræðslumálastjórnin, 1929, bls. 9). Í formála söngvasafnsins segir að löggin séu raddsett fyrir harmóníum og píanó. Þó nokkur lög í bókinni eru enn sungin í dag en mörg þeirra hafa ekki lifað eins vel með þjóðinni. Safnið er enn fánlegt samkvæmt vef Námsgagnastofnunar og er eingöngu úthlutað til skóla.

### **2.5.1.2 Tónmennt, 4. og 5. hefti**

Heftin komu upprunalega út 1976–1977 en fyrra heftið var endurútgengið með breytingum 1983. Víða er leitað fanga og í heftunum má finna mörg lög með nótnasettum laglínunum. Einnig er mikill fróðleikur um uppruna laganna og tónskáldin, auk fróðleiks um hljóðfæri og annað sem tengist tónmennt. Í báðum heftunum er fjölbreytt tónlist, allt frá íslenskum þjóðlögum til tónsmíða eftir Beethoven og ungværskar alþýðutónlistar. Mesta áherslan er lögð á íslensk og evrópsk þjóðlög og lög eftir íslensk tónskáld. Texti bókanna er nokkuð fræðilegur og myndi líklega ekki höfða til íslenskra grunnskólabarna í dag. Þessi hefti henta því ef til vill betur til kennslu um sögu tónlistar heldur en til að kenna lög og söngva. Ef miðað er við að efni þeirra sé fyrir miðstigi og unglingsstigi passar lagavalið ágætlega við það sem nefnt er í *Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskilyldualdri* frá 1960. Samkvæmt henni eiga lög, sem nemendur skulu læra, að verða fjölbreyttari með hækkandi aldri og á þrettánda aldursári er meðal annars nefnt að nemendur eigi að læra ættjarðarlög, sálma, þjóðlög og innlend og erlend sönglög (Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 72). Nótturnar sem eru í þessum heftum eru eingöngu nótnasettar laglínur og eru hvorki bókstafshljómar við laglínurnar né píanóútsetningar fyrir undirspil.

### **2.5.1.3 Tónmennt söngvasafn**

Þrjú hefti komu út á árunum 1981–1992 sem nefnast öll *Tónmennt söngvasafn*, 1. hefti (1981), 2. hefti (1985) og 3. hefti (1992). Efnistökin þessara hefta eru nokkuð frábrugðin þeim sem áður eru nefnd. Lög, sem eru ýmist íslensk eða erlend þjóðlög og lög eftir íslenska og erlenda höfundum, flest með íslenskum textum sem gaman er fyrir börn að syngja. Í *Aðalnámsskrá grunnskóla, tónmennt* frá 1976, segir um val sönglaga að lög, sem þurfi að vera áhugavekjandi og höfða til nemenda, einnig segir að taka verði tillit til þroska nemenda og að lagavalið og textar laganna verði að vera við þeirra hæfi (Menntamálaráðuneytið skólarannsóknardeild, 1976, bls. 7). Heftin eru ætluð yngsta stigi grunnskólans og passa lög, sem vel fyrir þann aldur og heftin bera þess glögg merki að tekið hafi verið tillit til þess sem mælt er með í aðalnámsskránni. Nótturnar eru settar upp á svipaðan hátt og áður eða sem nótnasettar laglínur en hvorki fylgja píanóútsetningar né bókstafshljómar til að auðvelda undirspil. Heftunum fylgja kennsluleiðbeiningar þar sem hægt er að finna leiki og annað sem má nýta við kennsluna og tengja við þau lög sem sungin eru hverju sinni.

### **2.5.1.4 Fjörutíu og fjórir jólasöngvar og Syngjum saman**

Tvö hefti komu út árið 1988; annað er *Fjörutíu og fjórir jólasöngvar* og hitt *Syngjum saman*. Fyrra heftið, *Fjörutíu og fjórir jólasöngvar*, er eins og nafnið gefur til kynna samansafn jólalaga sem hægt er að syngja á aðventunni. Friðrik Guðni Þorleifsson tók lög, sem saman. Þar eru ýmist nótnasettar laglínur eða textar fyrir hvert lag en engar útsetningar

eða bókstafshljómar fyrir undirspil. Seinna heftið, *Syngjum saman*, er hugsað fyrir hinn almenna kennara eða aðra sem starfa með börnum og fylgdi þeirri útgáfu hljóðsnælda þar sem lögin voru sungin með undirleik. Þórunn Björnsdóttir tók lögin saman og með laga-  
valinu var ætlunin að varðveita gömul sönglög sem annars gætu glatast ef ekki væri sérstaklega hugað að þeim (Þórunn Björnsdóttir, 1988, bls. 3). Í þessari útgáfu er passað upp á að hafa lögin í góðum sönghæfum tóntegundum og eru nótnasettar laglínur fyrir hvert lag en ekki fylgja píanóútsetningar eða bókstafshljómar fyrir undirspil.

#### **2.5.1.5 Hvað er svo glatt**

Árið 1991 kom út hefti á vegum Tónlistarbandalags Íslands þar sem sú nýbreytni var viðhöfð að við öll lögin voru bókstafshljómar til að auðvelda undirspil. Þetta er heftið *Hvað er svo glatt* sem Þórunn Björnsdóttir tók saman í tilefni af ári söngsins (1991–1992). Einnig kom út annað hefti með sama nafni ætlað kennurum, með útsetningum fyrir píanó við hvert lag. Efni heftistins er nokkuð fjölbreytt og miðast lögin við að þau séu vel sönghæf og nóturnar taka mið af því að þau séu í söngvænum tóntegundum. Lögin í heftið valdi Þórunn eftir að hafa lagt spurningalista fyrir 1000 Íslendinga (Þórunn Björnsdóttir, 1991, bls. 3) og eru þar meðal annars nefnd ættjarðarlög, þjóðlög og jólalög, alls 40 lög. Þó að þessi útgáfa sé ekki á vegum Námsgagnastofnunar passar lagavalið og hugmyndafræðin á bak við útgáfuna vel við það sem segir um söng í Aðalnámskrá grunnskóla frá 1989. Þar er talað um að nemendur átti sig á mikilvægi söngs sem sameiningar og félagslegs afls og að þeir kynnist söng í menningar- og sögulegu tilliti. Í því samhengi er nefnt að nemendur læri að syngja trúarsöngva, baráttusöngva, ættjarðarsöngva, íslensk þjóðlög og önnur íslensk sönglög (Menntamálaráðuneytið, 1989, bls. 159). Sömuleiðis er nefnt að nemendur syngi sönglög víðsvegar að úr heiminum, sem er þó ekki að finna í þessu hefti þar sem áherlsan í því er á íslensk lög og texta.

#### **2.5.1.6 Nýir skólasöngvar**

*Nýir skólasöngvar*, nemendabók og kennarabók, kom út á vegum Námsgagnastofnunar 2004 en bækurnar innihalda 44 lög auk nokkurra hrynmynstra. Þórdís Guðmundsdóttir tók efnið saman. Í bókunum eru allar laglínur nótnasettar og finna má bókstafshljóma og píanóútsetningar við flest laganna sem koma að gagni þegar kemur að undirspili. Lögin í bókinni eru bæði íslensk og erlend og textarnir sömuleiðis. Það sem greinir *Nýja skólasöngva* frá þeim heftum sem nefnd eru hér á undan er að í þeim er sérstaklega gætt að tónlistarstíllarnir séu einnig af ólíkum toga, til dæmis kalipsó, samba og negrasálmar í bland við þjóðlög og íslensk dægurlög. Efni bókanna passar mjög vel við það sem miðað er við að nemendur eigi að hafa lært í söng við lok sjöunda bekkjar samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar*, sem kom út árið 1999. Þar eru áherslurnar svipaðar og í áður

útgefnum námskrám; nemendur eigi að hafa kynnst íslenskum og erlendum þjóðlögum og sönglögum en einnig að hafa fengið innsýn í einkenni sönglaga frá mismunandi menningarsvæðum (Menntamálaráðuneytið, 1999b, bls. 72). Má því ætla að þetta efni sé hugsað fyrir kennslu á miðstigi.

#### **2.5.1.7 Syngjandi skóli**

Þórunn Björnsdóttir setti saman enn eitt söngheftið 2004 sem kallast *Syngjandi skóli*. Þar er tekið saman efni úr heftinu *Syngjum saman*, sem nefnt er hér að ofan, og efni af hljóðsnældu sem kom út með ljóðabókinni *Ljóðsprotum*. Samtals eru 44 nótnasettar laglínur í heftinu og eru bókstafshljómar við öll lögin sem er endurbót frá fyrri útgáfu. Sömuleiðis fylgja útgáfunni hljóðupptökur af lögunum, bæði undirleikur með söng og án söngs. Þar af leiðandi er mögulegt að notast við upptökurnar við samsöng þegar ekki er hljóðfæri við hönd og/eða ef enginn sterkur forsöngvari er til staðar. Lagavalið í þessu hefti miðast aðallega við lög sem eru gamalgróin í þjóðarsál Íslendinga; þjóðlög, ættjarðarlög, barnalög og dægurlög.

#### **2.5.1.8 Söngvasafn 1 og 2**

Pétur Hafþór Jónsson tók saman tvö söngvasöfn á árunum 2009–2012. Þau eru ætluð yngsta stigi grunnskóla. Fyrri safnið kom út árið 2009 og inniheldur 67 lög, en seinna safnið kom út árið 2012 og inniheldur 68 lög. Söfnin eru hugsuð sem endurskoðun og viðbót við söngvasöfnin sem Námsgagnastofnun gaf út í þremur heftum frá 1981 til 1992 og áður eru nefnd (Pétur Hafþór Jónsson, 2009, bls.4). Öll lögin eru skráð með nótnasettum laglínunum og eru bókstafshljómar við nóturnar sem ætlaðir eru til undirspils. Engar píanóútsætningar fylgja þessum útgáfum. Lögin í heftunum eru hugsuð fyrir yngstu grunnskólanemendurna og eru allir textarnir á íslensku. Lögunum er að einhverju leyti skipt í þemu í hverju hefti fyrir sig svo að auðvelt sé að nálgast ákveðna tegund laga kennurum til hægðarauka. Sem dæmi má nefna nokkur lög úr Kardemommubænum, sem koma fyrir hvert á eftir öðru í hefti 2. Þar sem þessi söngvasöfn komu út áður en greinasvið nýrrar aðalnámskrár kom út má gera ráð fyrir að tekið sé mið af aðalnámskrá frá 2007 við lagavalið. Þar segir að við lok fjórða bekkjar eigi nemendur að þekkja og geta sungið nokkur íslensk og erlend þjóðlög ásamt nokkrum árstíðabundnum söngvum (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 30). Lagavalið passar vel við þessi viðmið og er víða leitað fanga svo að finna má margvísleg lög sem passa vel fyrir yngstu grunnskólanemendurna. Þó má merkja að ekki er mikið um nýleg dægurlög í þessum söfnum.

### **2.5.1.9 Söngvasafn**

Eitt af nýrri söngheftunum fyrir skóla og heimili, gefið út af Námsgagnastofun árið 2012, er *Söngvasafn* sem Ingólfur Guðbrandsson byrjaði að taka saman en Snorri Sigfús Birgisson og Þorgerður Ingólfur dóttir gengu frá til útgáfu. Það er hugsað sem ný og endurskoðuð útgáfa á *Nýju söngvasafni handa skólum og heimilum* sem gefið var út 1949. Heftið heitir einfaldlega *Söngvasafn* og inniheldur rúmlega 200 fjölbreytt lög í útsetningum sem eiga að henta vel til söngs. Laglínurnar eru allar nótnasettar og fylgja þeim raddsetningar sem ætlaðar eru til undirspils en ekki gætir fullkomins samræmis í útsetningum, þær virðast ýmist ætlaðar til undirspils eða sem raddsetningar fyrir kóra og ekki er tekið fram hvað á við hvar. Lögin í bókinni eru af ýmsum toga. Þar má finna mörg ættjarðarlög, eins og í fyrri bókinni, en einnig barnalög og nokkur dægurlög, öll með íslenskum textum.

### **2.5.1.10 Söngvasveigur**

Söngvasveigsbækurnar eru eins og áður segir gefnar út af Skálholtsútgáfunni og eru hugsaðar fyrir 2–4 radda barna- eða kvennakóra, ýmist með eða án píanóundirleiks. Þær eru oft nokkuð sérhæfðar og margar þeirra hafa trúarlega tengingu. Nokkrar þeirra nýtast vel í starfi með skólakórum. Bækur 1, 10 og 14 innihalda ýmis jólalög, innlend og erlend, trúarleg og veraldleg. Bók 2 inniheldur ættjarðarlög. Í bók 4 eru finnsk og pólsk þjóðlög við íslenska texta auk söngsyrpu úr söngleiknum *Söngvaseið*. Bók 5, *Út um græna grundu*, inniheldur 55 veraldleg lög fyrir barnakóra, íslensk og erlend, auk upphitunar- og raddæfinga.

### **2.5.2 Söngvasöfn á netinu**

Líklegt má telja að í dag leiti flestir að hljómunum og gítargripum að vinsælum lögum á netinu. Mikill fjöldi söngvasafna hefur sprottið upp á síðustu árum og aðgengi að tónlist er því sífellt betra. Í fæstum tilfellum eru söngvasöfn á netinu með nótnaskrift. Ástæður þess geta verið ýmsar, til dæmis felst mun meiri vinna í því að skrifa nótur inn í nótnaskriftarforrit heldur en að merkja inn bókstafshljóma, mögulega er höfundaréttur í gildi á nýrri lögum, eða það að rytmískar laglínur í dægurlögum er oft erfitt að lesa og skrifa með nótnaskrift. Að sama skapi eru flest lög á netinu dægurlög, barnalög og jólalög en síður þjóðlög, klassísk lög eða ættjarðarlög, enda er sterkari hefð fyrir því að flytja þau í röddum eða með píanóleik. Hér verður greint frá helstu íslensku söngvasöfnunum sem finna má á netinu.

#### **2.5.2.1 Dvergatuddinn - <http://www.raunvis.hi.is/~uba/tuddinn/index.html>**

Söngvasafn Dvergatuddans er nokkuð stórt og yfirgripsmikið safn laga af ýmsum toga. Lögin eru flokkuð í fjóra flokka: stuðlög, barnalög, jólalög og Bubbalög. Lögin er hægt að nálgast með gítargripum, ukulele-gripum og bókstafshljómum. Ekki er hægt að tónflytja lögin rafrænt.

#### **2.5.2.2 Guitarparty.com (áður gitargrip.is) - <http://www.guitarparty.com/is/>**

Á guitarparty.com er fjöldi söngtexta með gítargripum og bókstafshljómum. Við sum lögin er einnig hægt að nálgast grip á ukulele. Skráðir notendur geta sent inn lög en umsjónarmenn síðunnar fara fram á ákveðna uppsetningu og því er samræmi á útliti söngtexta gott. Síðan inniheldur að mestu dægurlög, bæði eldri og nýleg, íslensk og erlend. Textar og grip eru opin öllum, en eins eru nokkrar áskriftarleiðir sem gefa möguleika á rafrænum tónflutningi, gítarkennslu, að vista lögin sem pdf-skjöl og að vista sín eigin sönghefti.

#### **2.5.2.3 Söngtextasíða Davíðs - <http://textar.midja.is/textar/>**

Á söngtextasíðu Davíðs má finna mikinn fjölda söngtexta. Hægt er að leita eftir tungumáli, höfundu laga, höfundu texta og flytjanda. Notendur geta skráð sig inn, sent athugasemdir og bætt við textum. Þar sem margir geta sett inn texta og upplýsingar koma sum lög upp oft en einu sinni, upplýsingar um höfunda eru ekki alltaf réttar og textar ekki heldur. Sönglögin eru aftur á móti fjölbreytt og við flest þeirra má finna bókstafshljóma og gítargrip. Ekki er hægt að tónflytja lögin rafrænt en nokkur lög eru sett inn í fleiri en einni tóntegund.

#### **2.5.2.4 Tónmennt.is – <http://www.tonmennt.is>**

Í söngvasafni vefsins Tónmennt.is má finna töluverðan fjölda sönglaga. Útskrifuð laglína með texta og bókstafshljómum fylgir þeim öllum og hægt er að ná í hvert lag sem pdf-skjal. Eins er notendum bent á tónlistarforritið muscore en séu lögin opnuð í því forriti er hægt að tónflytja hvert lag yfir í þá tóntegund sem hentar. Lögin á Tónmennt.is eru flest barnalög en einnig er töluvert af íslenskum þjóðlögum, keðjusöngvum og þjóðlögum víðsvegar að úr heiminum.

### **2.5.3 Samantekt**

Eftir þessa yfirferð má sjá að nokkuð mikið er til af efni sem hægt er að nýta í söngkennslu bæði í tónmennt og í almennri bekkjarkennslu. Söngvasöfnin sem gefin hafa verið út á bókum eru fjölmörg og flest nokkuð fjölbreytt. Það sem er þó eftirtektarvert er að þau söfn sem gefin hafa verið út síðustu ár, *Söngvasafn 1 og 2* (2009, 2012) og *Söngvasafn* (2012), eru öll endurskoðun á fyrri útgáfum. Lagavalið litast líklega af því og eru fá nýleg lög að finna í þessum útgáfum. Með tilkomu söngvasafna á netinu er aðgengið að nýjum

lögum oft auðvelt, sérstaklega að nýlegum dægurlögum sem eru vinsæl hverju sinni. Söngvasöfn Námsgagnastofnunar eru líklega það námsefni sem tónmenntakennarar nýta helst í kennslu sinni, af því efni sem ætlað er tónmenntakennslu. Þeir telja þó að útgefin söngvasöfn séu sum orðin úrelt og í staðinn mætti auka úrval af einföldum útsetningum á vinsælum sönglögum og íslenskum þjóðlögum. Margir þeirra leita því að söngtextum á netinu (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013b, bls. 46). Með þetta í huga er áhugavert að skoða hvaða sönglög eru í raun sungin í skólum landsins í dag og hvaða lög tónmenntakennarar telja að allir Íslendingar eigi að kunna.

### 3 Rannsóknaraðferð

Tilgangurinn með rannsókninni var að komast að því hvaða lög tónmenntakennurum á Íslandi, eða öðrum sem hafa sérhæft sig í tónlist með börnum, myndist að allir Íslendingar ættu að kunna. Markmiðið var að bera niðurstöðurnar saman við söngheftið *Hvað er svo glatt* sem kom út 1991 en þar tók Þórunn Björnsdóttir saman lög út frá niðurstöðum úr sambærilegri könnun sem hún gerði í tilefni af ári söngsins (Þórunn Björnsdóttir, munnleg heimild, 22. janúar 2016). Með þessum samanburði ætluðum við að skoða þau lög sem væru enn nefnd og hvaða lög, ef einhver, hefðu bæst við eða breyst. Til að ná til sem flestra starfandi tónmenntakennara var ákveðið að hafa samband við formann Tónmenntakennarafélags Íslands og fá aðgang að póstlista félagsins. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að leggja spurningarnar fyrir tónmenntakennara, frekar en aðra, var sú að þar með gafst tækifæri til að miða við afmarkaðan hóp sem hefur marktæka þekkingu og skoðun á viðfangsefninu. Stuðst var við aðferðir meginlegra rannsókna. Til að halda vel utan um gögnin var ákveðið að útbúa spurningalista á google-eyðublaði og senda hann á áður nefndan póstlista. Spurningalistann má sjá í viðhengi.

#### 3.1 Þátttakendur og framkvæmd

Haft var samband við formann Tónmenntakennarafélags Íslands og leyfi fengið til að fá afnot af póstlista félagsins. Spurningalisti var útbúinn, settur upp á google-eyðublaði og könnunin framkvæmd á netinu. Könnunin var aðgengileg í einn mánuð snemma árs 2016. Spurningalisti var sendur á tölvupóstlista Tónmenntakennarafélags Íslands, alls 155 netföng.


Svörin voru varðveitt á google-veitunni og þegar könnuninni var lokað hófs úrvinnsla úr upplýsingunum sem bárust.

Spurt var: Hvaða sönglög eiga Íslendingar að kunna? Á spurningalistanum voru taldir upp fimm flokkar sönglaga: ættjarðarlög, þjóðlög, barnalög, jólalög og dægurlög, og voru þátttakendur beðnir um að nefna 3–5 sönglög í hverjum flokki. Að auki var þeim boðið að nefna 3–5 lög sem ekki féllu undir fyrrnefnda flokka undir flokknum annað. Ákveðið var að bjóða upp á lagaflokkana til að fá fjölbreyttari svör sem auðveldara væri að greina eftir á. Flokkaheitin voru valin með hliðsjón af þeim flokkum sem Þórunn Björnsdóttir setti fram í könnun sinni.

Af þeim sem fengu spurningalistann sendan svöruðu 32 könnuninni, eða sem samsvorar 21% svarhlutfalli, miðað við að sent var á 155 netföng. Þess ber að geta að nokkur



fjöldi netfanga á póstlistanum voru óvirk eða óuppfærð og því má reikna með að svarhlutfallið geti líklega talist vera nær 27% af þeim sem fengu póstinn. Af þeim sem svöruðu voru konur 62,5% og karlar 37,5%. Aldursbil þátttakenda var 43 ár, yngstu þátttakendur 28 ára en þeir elstu 71 árs. Meðalaldur þátttakenda var 51–52 ára og miðgildi það sama. Spurt var um tónlistarlegan bakgrunn þátttakenda og töldu 56,3% sig hafa frekar klassískan bakgrunn í tónlist, 34,4% bæði klassískan og rytmískan tónlistarbakgrunn og 9,4% rytmískan bakgrunn. Bakgrunn þátttakenda má sjá á mynd 1.




**Mynd 1. Tónlistarbakgrunnur þátttakenda**

### 3.2 Úrvinnsla gagna

Lögin voru flokkuð með tilliti til þess lagaflokks sem þau voru nefnd í, einnig var heildarlisti nefndra titla tekinn saman. Gögn voru færð af google-gagnaveitunni yfir í excel-töflureikni.

## 4 Niðurstöður


Alls voru 233 titlar á sönglögum nefndir í innsendum svörum. Í tveimur tilfellum var nefndur titill á sönglagi en vísað til tveggja mismunandi lagboða, annarsvegar þjóðlags en hinsvegar lags eftir ákveðinn höfund. Þar sem bæði lög voru síðan nefnd þó nokkrum sinnum og þess ekki getið hvort lagboðinn væri um að ræða, töldum við báða lagboða sem einn undir sama titli. Nánar verður greint frá þessu síðar. 45 sönglög voru nefnd í fleiri en einum flokki, eða samtals 104 sinnum. Flest sönglög voru nefnd í flokknum barnalög eða 77, en fæst í flokknum ættjarðarlög eða 28. Sjá má fjölda nefndra sönglaga í hverjum flokki á mynd 2. Fjöldi nefndra atriða var svipaður í öllum flokkum en það má sjá nánar á mynd 3.



Mynd 2. Nefndir titlar í hverjum flokki

Af þeim 45 lögum sem nefnd voru í fleiri flokkum en einum voru 18 nefnd sem ættjarðarlög, 22 voru nefnd sem þjóðlög, 22 sem barnalög og 10 sem dægurlög en 29 lög voru nefnd í flokknum annað og á öðrum stað.

Þegar allir titlar þeirra sönglaga sem nefnd voru voru taldir saman kom í ljós að 125 lög voru einungis nefnd einu sinni. Þar af voru flest úr flokknum „Barnalög“, eða 38 lög. Þá voru 16 lög úr flokknum „Jólaög“ aðeins nefnd einu sinni. Einungis eitt jólalag var nefnt í öðrum flokki en það er Grýlukvæði eftir Ingibjörgu Þorbergsdóttur. Það var nefnt bæði sem barnalag og jólalag sem allir ættu að kunna. Í flokknum „Þjóðlög“ voru einnig 16 lög einungis nefnd einu sinni á heildina litið.



**Mynd 3. Fjöldi nefndra atriða í hverjum flokki**

Það lag sem oftast var nefnt var lagið Á Sprengisandi, sem kom fyrir í fjórum flokkum, sem ættjarðarlag, þjóðlag, dægurlag og annað. Tvisvar sinnum var sérstaklega tekið fram að um lag eftir Sigvalda Kaldalóns væri að ræða, einu sinni að átt væri við þjóðlagið en 22 sinnum var svarið ekki tilgreint nánar og því var ákveðið að flokka báðar útgáfur svarsins sem sama lagið. Lofsöngur, þjóðsöngur Íslendinga, var nefndur sem ættjarðarlag og í flokknum annað. Krummavísur, hér nefnt Krummi svaf í klettagjá til að aðgreina frá Krummi krunkar úti og Krumminn á skjánum, eru einungis nefndar í einum flokki, sem þjóðlag. Þau 20 lög sem oftast voru nefnd, án tillits til lagaflokka, má sjá í töflu 2.

**Tafla 1. Lög sem nefnd eru í fleiri en einum flokki**

Titill lags	Fjöldi flokka	Titill lags	Fjöldi flokka
Á Sprengisandi	4	Krummi krunkar úti	2
Í Hlíðarendakoti	4	Litla flugan	2
Kvæðið um fuglana	4	Litla kvæðið um litlu hjónin	2
Maístjarnan	4	Líttu sérhvert sólarlag	2
Hafið bláa hafið	3	Lofsöngur	2
Hvað er svo glatt	3	Meistari Jakob	2
Karl sat undir kletti	3	Móðir mín í kví kví	2
Kátir voru karlar	3	Nú er sumar	2
Vikivaki	3	Nú er úti norðanvindur	2
Þorraþráll	3	Sumarkveðja	2
Álfareiðin	2	Ólafur liljurós	2
Ísland farsælda frón	2	Óskasteinar	2
Ísland ögrum skorið	2	Sá ég spóa	2
Bí bí og blaka	2	Smaladrengurinn	2
Einu sinni á ágústkvöldi	2	Sofðu unga ástin mín	2
Frost er úti fuglinn minn	2	Suðurnesjamenn	2
Fylgd	2	Undir bláhimni	2
Grýlukvæði	2	Vísur Vatnsenda-Rósu	2
Dýravísur	2	Vorvindar glaðir	2
Heyr mína bæn	2	Ýmsar stökur	2
Hættu að gráta hringaná	2	Þannig týnist tíminn	2
Ísland er land þitt	2	Öxar við ána	2

**Tafla 2. Þau lög sem oftast voru nefnd**

Titill lags	Hversu oft nefnt
Á Sprengisandi	25
Lofsöngur	22
Krummi svaf í klettagjá	21
Sofðu unga ástin mín	19
Heims um ból	18
Öxar við ána	17
Maistjarnan	16
Bjart er yfir Betlehem	15
Ísland er land þitt	14
Ísland ögrum skorið	14
Kvæðið um fuglana	14
Þorraþræll	14
Dýravísur	13
Jólasveinar ganga um gólf	13
Nóttin var sú ágæt ein	13
Það á að gefa börnum brauð	13
Hver á sér fegra föðurland	12
Krummi krunkar úti	12
Í Hlíðarendakoti	11
Litla flugan	11

Í töflum 3, 4, 5, 6, 7 og 8 má sjá þau lög sem oftast eru nefnd í hverjum flokki. Athygli vekur að fimm efstu lög í flokki ættjarðarlaga, þjóðlaga og jólalaga auk fimm efstu laga sem nefnd eru undir liðnum „Annað“ lenda öll inni á listanum í töflu 2. Í flokkunum barnalög og dægurlög er ekkert lag nefnt nægilega oft til að ná inn á listann í töflu 2, en eitt lag af hvorum lista er nefnt nægilega oft þegar allar upptalningar í öllum flokkum eru taldar saman, það er Kvæðið um fuglana og Litla flugan. Um lagið Það á að gefa börnum brauð var ýmist tekið fram sérstaklega að um lagboðann eftir Jórinni Viðar væri um að ræða eða að átt væri við þjóðlagið, en í flestum tilfellum var lagboði ekki tekinn fram og því eru allar útgáfur hér taldar sem ein. Í öllum flokkum voru nefnd mörg og fjölbreytt sönglög. Frekar verður fjallað um það í umræðukafla auk þess sem rýnt verður nánar í niðurstöðum.

**Tafla 3. Efstu lög í flokki ættjarðarlaga**

Ættjarðarlög	Hversu oft nefnd
Lofsöngur	20
Öxar við ána	16
Ísland ögrum skorið	13
Hver á sér fegra föðurland	12
Ísland er land þitt	12

**Tafla 4. Efstu lög í flokki þjóðlaga**

Þjóðlög	Hversu oft nefnd
Krummi svaf í klettagjá	21
Sofðu unga ástin mín	18
Hani, krummi	11
Krummi krunkar úti	11
Þorraþræll	7

**Tafla 5. Efstu lög í flokki barnalaga**

Barnalög	Hversu oft nefnd
Kvæðið um fuglana	9
Aravísur	5
Hafið bláa hafið	5
Óskasteinar	5
Ég heyri svo vel	4
Gamli Nói	4
Guttavísur	4
Hann Tumi fer á fætur	4
Í Hlíðarendakoti	4
Maístjarnan	4
Ýmsar stökur	4

**Tafla 6. Efstu lög í flokki jólalaga**

Jóralög	Hversu oft nefnd
Heims um ból	18
Bjart er yfir Betlehem	15
Jólasveinar ganga um gólf	13
Nóttin var sú ágæt ein	13
Það á að gefa börnum brauð	13

**Tafla 7. Efstu lög í flokki dægurlaga**

Dægurlög	Hversu oft nefnd
Draumur um Nínu	10
Litla flugan	9
Bláu augun þín	7
Ferðalok	6
Einu sinni á ágústkvöldi	5

**Tafla 8. Efstu lög í floknum annað**

Annað	Hversu oft nefnd
Á Sprengisandi	12
Maístjarnan	9
Þorraþræll	5
Í Hlíðarendakoti	4
Kvæðið um fuglana	3

## 5 Umræður

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að tónmenntakennarar séu meðvitaðir um mikilvægi fjölbreytninnar þegar kemur að lagavali. Þeir nefna lög frá ýmsum tímabilum íslenskrar tónlistarsögu og nokkur erlend lög eru nefnd. Hér má þó velta fyrir sér hvort spurningalistinn hafi haft áhrif á val þátttakenda með því að bjóða upp á ákveðna flokka sönglaga í stað þess að hafa spurninguna alveg opna. Þessu má sérstaklega velta fyrir sér í tengslum við dægurlög. Merking orðsins er vinsæl tónlist (e. popular music) en margir tengja orðið dægurtónlist frekar við eldri lög en yngri.

Eins og sjá má ef rýnt er í tölurnar ríkti meiri eining um ættjarðarlög, þjóðlög og jóla- lög heldur en um barnalög og dægurlög. Það má mögulega skýra út frá því að sjaldnar bætast við ný lög sem falla undir fyrri flokkana, sérstaklega ef horft er á skilgreiningu þjóð- laga en í Íslensku alfræðiorðabókinni segir „Þjóðlag, lag sem er ekki eftir tilgreindan höfund en hefur lifað og breyst í munnlegri geymd kynslóð eftir kynslóð“ (Dóra Hafsteinsdóttir, Sigríður Harðardóttir, 1990, bls. 569). Þessi skilgreining á þó ekki við öll þau lög sem þátttakendur skilgreindu sem þjóðlög; sem dæmi má nefna Kvæðið um fuglana eftir Atla Heimi Sveinsson og Maístjörnuna eftir Jón Ásgeirsson.

Flest þau lög sem nefnd voru sem ættjarðarlög voru samin á þeim tíma þegar sjálf- stæðis- og lýðræðisbarátta þjóðarinnar stóð sem hæst og jafnvel fyrir þann tíma. Það vakti því athygli að fjögur lög á þeim lista eru eftir núlifandi tónskáld. Ekki fannst skil- greining á ættjarðarlagi í Íslenskri orðabók en ættjarðarkvæði eða ættjarðarljóð er skilgreint þar á eftirfarandi máta: „ljóð ort til vegsemdar föðurlandinu og til að efla ætt- jarðarást“ (Mörður Árnason, 2002, bls. 1862). Samkvæmt þessari skilgreiningu er hægt að túlka texta þessara fjögurra laga sem ættjarðarljóð. Eitt lag sker sig þó sérstaklega úr við fyrstu sýn en það er lagið Sautjándi júní eftir Hauk Ingibergsson við texta Bjartmars Hannessonar. Samt sem áður er óneitanlega hægt að segja að það lag hafi sameinað þús- undir Íslendinga í söng til dýrðar þjóðhátíðardeginum í nærri fjóra áratugi:

Jóni heitnum Sigurðsyni færir forsetinn,  
firnamikinn, árvissan og stóran blómsveiginn.

Fjallkonan í múnderingu þrjár upp á pall,  
pent hún les upp ljóð, eftir löngu dauðan kall.




Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei  
það er kominn 17. júní.

Ljóð: Bjartmar Hannesson, lag: Haukur Ingibergsson.

Áhugavert er að bera nefnd barnalög saman við niðurstöður Bryndísar Baldvinsdóttur (2013) þar sem leikskólabörn sungu lag að eigin vali. Af því 21 lagi sem 5–6 ára leikskólabörn völdu að syngja voru 16 lög nefnd sem lög sem allir Íslendingar ættu að kunna, þar af voru 9 flokkuð sem barnalög. Að auki kaus eitt barn að syngja íslenskan texta við lag sem var nefnt á sænsku af tónmenntakennurum, Gull og perlur/Vem kan segla. Af þessu má draga þá ályktun að leikskólakennarar séu að miklu leyti sammála tónmenntakennurum um hvaða lög eigi að kunna, og séu meðvitaðir um að kenna þau.

### Tafla 9. Lög sem nefnd eru í báðum rannsóknum

Lög nefnd í báðum rannsóknum
Allir krakkar
Allur matur
Gamli Nói
Í leikskóla er gaman
Krummi krunkar úti
Krumminn á skjánum
Kvæðið um fuglana
Óskasteinar
Sól, sól skín á mig
Gull og perlur/Vem kan segla



**Mynd 4. Lög sem leikskólabörn sungu að eigin vali (Bryndís Baldvinsdóttir, 2013, bls. 34. Birt með leyfi höfundar).**

Nokkrir þátttakendur áttu erfitt með að gera upp á milli jólalaga, sérstaklega á milli laga sem hefð er fyrir að syngja á jólaböllum eða „Jólatrésöngvarnir - allir þessir týpísku“ eins og einn þátttakandi orðaði það. Þar sem ekki er öruggt að allir telji sömu jólatrésöngvana vera nauðsynlega voru einungis nefnd lög talin. Því er áhugavert að velja því fyrir sér hvort niðurstöður hefðu verið þær sömu ef allir þátttakendur hefðu nefnt þau lög sem þeir áttu við.

Lög úr öllum fimm flokkum komast á lista yfir 20 mest nefndu lög. Þar er þó einungis eitt hefðbundið dægurlag, Litla flugan eftir Sigfús Halldórsson. Þegar dægurlagaflokkurinn er skoðaður eru á honum lög frá ýmsum tímabilum íslenskrar dægurlagasögu. Það yngsta er frá árinu 2014, Enga fordóma með Pollapönki. Áhugavert er að af 53 lögum eru einungis 8 gefin út eftir árið 2000. Hér má velja því fyrir sér hvort orðið ‘dægurlag’ hafi haft áhrif á val þátttakenda. Öll lög eru við íslenska texta en nokkur þeirra eru upprunalega erlend. Áhugavert er að sjá að einungis eitt blúslag er nefnt en það er Braggablús. Jafnframt má geta þess að lagið Litli tónlistarmaðurinn hefur breiðari skýrskotun því að það er oft leikið sem djasslag, en það er einnig nefnt einu sinni. Nokkrir þátttakendur nefna einnig að gott væri að kenna þau dægurlög sem vinsæl eru hverju sinni; lög úr söngleikjum, bítlalög, lög eftir konur og íslensk og erlend dægurlög úr tónlistarsögunni.

Þau lög sem nefnd eru undir liðnum annað má í flestum tilfellum flokka sem íslensk ættjarðar-, þjóð-, barna- eða dægurlög. Á listanum eru síðan fjögur lög sem eru hvorki

íslensk að uppruna né hafa íslenskan texta. Utan þessa flokks er einungis eitt lag nefnt með erlendum texta, sænska þjóðlagið *Vem kan segla*. Eins og Mills (2005, bls. 68) nefnir í umfjöllun sinni um markmið tónlistarmenntunar og hvernig megi víkka sjóndeildarhring nemenda í gegnum tónlist, er mikilvægt að kenna börnum tónlist frá fjölbreyttum menningarsvæðum.

**Tafla 10. Lög með erlendan texta.**

Erlend lög	Tungumál
Calypso	enska
Hevenu shalom aleichem	hebreska
Kumbra	óþekkt
Malaika	swahili
Vem kan segla	sænska

Þegar borinn er saman heildarlisti yfir titlana sem koma fram í könnuninni og þau 40 lög sem gefin voru út á nótum í heftinu *Hvað er svo glatt* (1991) kemur í ljós að 5 lög sem nefnd eru 1991 eru ekki talin upp 2016. Það eru lögin *Álfadans*, *Blítt er undir björkunum*, *Fyrir sunnan Fríkirkjuna*, *Sigling/Blítt og létt* (eftir Oddgeir Kristjánsson) og *Þórsmerkurljóð*. Margar ástæður gætu verið fyrir því að þessi lög eru ekki nefnd. Ein ástæða gæti verið sú að úrtak þessarar könnunar var að nokkru frábrugðið því úrtaki sem Þórunn Björnsdóttir lagði til grundvallar þegar hún safnaði gögnum fyrir útgáfu nótnaheftisins *Hvað er svo glatt*. Önnur líkleg ástæða gæti einfaldlega verið sú að þessi lög hafi verið vinsælli árið 1991 heldur en þau eru í dag. Eðlilegt má telja að lög sem þótti sjálfsagt að kunna fyrir 25 árum hafi vikið fyrir öðrum lögum í dag og jafnvel má velja því fyrir sér hvers vegna breytingin sé ekki meiri. Mögulega má rekja þá ástæðu til þeirrar fyrstu, þar sem þátttakendur í rannsókninni eru tónmenntakennarar styðjast þeir mögulega við útgefið námsefni í tónmennt, þar með talið hefti Þórunnar, þar sem lagaval er yfirleitt frekar hefðbundið. Einnig má velja því fyrir sér að þar sem örar tækniframfarir síðastliðin ár hafa auðveldað og gefið fleirum tækifæri til að semja, taka upp tónlist og koma henni á framfæri, hafi vinsæl lög sjaldnast sömu yfirburðarstöðu á hlustunarmarkaði, til dæmis í útvarpi, og vinsæl lög gerðu áður fyrr. Með tilkomu netsins er útvarpsspilun og útgáfa annars eðlis en hún var. Það hefur ekki einungis auðveldað fleirum að koma tónlist sinni á framfæri heldur hefur það einnig gert aðgengi að fjölbreyttari tónlist betra fyrir hlustandann.

Eðlilegt er og jafnframt áhugavert að bera saman öll lögin sem eru oftast nefnd í könnuninni við lögin sem eru í *Hvað er svo glatt*. Þegar skoðaðir eru 20 efstu titlarnir,

óháð flokkun, kemur í ljós að 4 lög sem lenda þar eru ekki í hefti Þórunnar. Það eru lög in Dýravísur, Jólasveinar ganga um gólf, það á að gefa börnum brauð og Krummi krunkar úti. Þegar listinn er borinn saman við *Söngvasafn* (2012) kemur í ljós að þau 4 lög sem eru nefnd oftast í könnuninni eru ekki í safninu. Það eru Ísland er land þitt, Nóttin var sú ágæt ein, það á að gefa börnum brauð og Krummi krunkar úti. Kemur nokkuð á óvart að þessi lög séu ekki í *Söngvasafninu*; ástæðan gæti verið sú að auðvelt ætti að vera að finna nótur af þessum lögum í öðrum nótnaheftum. Þá ber jafnframt að geta þess að ekkert þeirra 5 dægurlaga sem oftast eru nefnd í könnuninni eru í *Söngvasafninu*. Það virðist því vera erfiðara að finna dægurlög í útgefnum söngvasöfnum. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður. Mögulega er erfiðara að fá leyfi fyrir útgáfu vegna höfundaréttar, en einnig eru gefin út á hverju ári fjöldamörg dægurlög og ómögulegt er að vita hver þeirra koma til með að eldast vel því að vinsældir dægurlaga breytast hratt. Því gæti verið ákveðin áhætta fólgin í því að hafa nýleg dægurlög með í útgefnum söngvaheftum því að bækurnar gætu þótt úreltar fyrr. Eins er mjög gott aðgengi að dægurlögum á vefnum og því þörfin á útgefnum efni ef til vill ekki eins mikil í dag og fyrir 20 árum. Annar möguleiki er að útsetningar fyrir píanó kalla á mikla vinnu svo að vel sé gert og laglínan ein og sér í dægurlögum er ekki alltaf söngvæn heldur þarfnast meðleiks. Það mætti þó skoða möguleikann á að gefa oftar út smærri söngvasöfn með dægurlögum, og þá jafnvel rafrænt til að halda kostnaði niðri og aðgengi góðu.

## 6 Lokaorð

Námsgreinin tónmennt hefur þróast mikið með árunum eins og fram kom í umfjöllun um aðalnámskrá í gegnum tíðina. Þrátt fyrir að áhersla á söng sé ekki eins mikil í dag og hún var í fyrstu námskránum hefur hann alltaf skipað stóran sess og leikið stórt hlutverk í íslensku skólaskrifum og gerir enn. Fjöldamargar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif samsöngs á einstaklinga og skólaskrif í heild eins og hér hefur verið rætt um.

Tónmenntakennarar virðast flestir meðvitaðir um mikilvægi og gildi samsöngs. Hér á landi þurfum við samt sem áður að velta fyrir okkur sömu spurningum og annars staðar hvaða lög eigum við að kenna? Hvað eigum við að halda í af gömlu lögnum sem við lærðum? Og hvaða nýju lögum eigum við að bæta við námsefni okkar?

Í framhaldi af þessari athugun væri afar forvitnilegt að kanna viðhorf annarra kennara til þessarar sömu spurningar, hvaða sönglög eiga allir Íslendingar að kunna. Eins væri mjög áhugavert að kanna það hvort að nemendur á öllum skólastigum, leik-, grunn-, mennta- og háskóla, þekktu eða kynnu þau lög sem kennarar nefndu.

Niðurstaða rannsóknarinnar sýnir að íslenskir tónmenntakennarar eru meðvitaðir um að feta meðalveg þar sem þjóðarafi okkar er viðhaldið en um leið sé vönduðum og vinsælum sönglögum frá hverju tímasteiði bætt við það kennsluefni sem fyrir er. Sum þessara nýju laga munu festa sig í sessi, önnur hafa þegar orðið hluti af sönghefð þjóðarinnar líkt og Lífið er yndislegt, Draumur um Nínu, eða þar áður Litla flugan, á meðan önnur koma til með að víkja fyrir nýjum lögum. Því teljum við það mikilvægt, sér í lagi fyrir tónmenntakennara, að fara reglulega yfir það lagaval sem í boði er, líta það gagnrýnum augum, breyta og bæta með reglulegu millibili og finna meðalveginn á milli tíðarandans hverju sinni og þeirra hefða sem myndast hafa.

## Heimildaskrá

- Adachi, M. og Trehub, S. E. (2012). Musical lives of infants. Í G. McPherson og G. Welch (ritstjórar), *The Oxford handbook of music education*, 1. bindi, (bls. 229–247). Oxford: Oxford University Press.
- Balsnes, A. H. (2011). Sangen har gitt meg et nytt liv: kor, identitet og helse.
- Bartolome, S. J. (2013). "it's like a whole bunch of me!": The perceived values and benefits of the seattle girls' choir experience. *Journal of Research in Music Education*, 60(4):395–418. doi:10.1177/0022429412464054
- Bradley, I. L. (1971). Repetition as a Factor in the Development of Musical Preferences, *Journal of Research in Music Education* (19, 3, 295–298). Sage Publication.
- Bryndís Baldvinsdóttir. (2013). „Því söngurinn hann er vort mál“ : raddsvið og söngfærni íslenskra fimm og sex ára barna. (Óútgefin meistararitgerð). Sótt af <http://skemman.is/item/view/1946/16821>
- Cohen, A. J. (2011). Creativity in singing: Universality and sensitive developmental periods? Í Hargreaves, D., Miell, D., og MacDonald, R. (ritstjórar), *Musical Imaginations; Multidisciplinary perspectives on creativity, performance and perception* (bls. 173–189). Oxford: Oxford University Press.
- Dingle, G. A., Brander, C., Ballantyne, J., and Baker, F. A. (2013). 'to be heard': The social and mental health benefits of choir singing for disadvantaged adults. *Psychology of Music*, 41(4):405–421. doi:10.1177/0305735611430081
- Doloff, L. (2005). Elementary Music Education – Building Cultures and Practices. Í Elliott, D., J. (ritstjóri), *Praxial Music Education* [Kindle DX version]. Fengið af amazon.com
- Dóra Hafsteinsdóttir, Sigríður Harðardóttir (ritstjórar). (1988). *Íslenska alfræðiorðabókin P-Ö*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Durrant, C. (2005). Shaping identity through choral activity: Singers' and conductors' perceptions. *Research Studies in Music Education*, 24(1):88–98. doi:10.1177/1321103x050240010701
- Eilat, Y., & Raichel, N. (2016). An Inclusive School Choir for Children with Autism in Israel: Using Grounded Theory to Explore the Perceived Benefits and Challenges. *Voices: A World Forum For Music Therapy*, 16(1). doi:10.15845/voices.v16i1.849

- Fræðslumálastjórnin. (1929). *Námsskrá fyrir barnaskóla*. Reykjavík: Fræðslumálastjórnin.
- Georgii-Hemming, E., & Westvall, M. (2010). Music education – a personal matter? Examining the current discourses of music education in Sweden. *B. J. Music. Ed.* 2010 27:1, 21–33. doi:10.1017/S0265051709990179
- Guðmundur Finnbogason. (1994, 2. útgáfa). *Lýðmenntun*. Loftur Guttormsson (ritstjóri). Reykjavík. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2013a). Tónlistarþroski ungbarna og tónlistaruppeldi: Yfirlitsgrein. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/004.pdf>
- Helga Rut Guðmundsdóttir (2013b). Tónmenntakennsla í íslenskum grunnskólum, *Uppeldi og menntun – Icelandic Journal of Education*, 22 (2), 37–54.
- Jenneret, Degraffenreid. (2012). Music education in the generalist classroom. Í McPherson, Welch (ritstjórar). *The Oxford Handbook of Music Education, volume 1*. New York: Oxford University Press.
- Jorgensen, E., R. (2003). *Transforming music education*. Indiana University Press. Bloomington, Indiana.
- Judd, M. and Pooley, J. A. (2014). The psychological benefits of participating in group singing for members of the general public. *Psychology of Music*, 42(2):269–283. DOI: 10.1177/0305735612471237
- Kennedy, M. A. (2002). 'it's cool because we like to sing:' junior high school boys' experience of choral music as an elective. *Research Studies in Music Education*, 18(1):26–36. doi:10.1177/1321103x020180010401
- Loftur Guttormsson, Ólafur Rastrick, Ólöf Garðarsdóttir. (2008). Skólalald í bæ og sveit. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*, fyrra bindi. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lomax, A. (1968). *Folk song Style and Culture*. New Brunswick og London: Transaction Publishers.
- Mills, J. (2005). *Music in the School*. Oxford: Oxford university press.
- Menntamálaráðuneytið. (1960). *Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskylldualdri*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (1989). *Aðalnámsskrá grunnskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

- Menntamálaráðuneytið. (1999a). *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (1999b). *Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið skólarannsóknardeild. (1976). *Aðalnámskrá grunnskóla, tónmennt*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið skólarannsóknardeild.
- Mörður Árnason (ritstjóri). (2002). *Íslensk orðabók: M-Ö* (3. útgáfa, aukin og endurbætt). Reykjavík: Edda.
- Pétur Hafþór Jónsson. (2009). *Söngvasafn 1, fyrir yngsta stig*. Kópavogur: Námsgagnastofnun.
- Phillips, K., H. (1996). *Teaching Kids to Sing*. New York: Schirmer books.
- Prickett, C. A., Bridges, M. S. (1998). Familiarity with Basic Song Repertoire: Music Education/Therapy Majors versus Elementary Education Majors, *Journal of Research in Music Education* (46, 4, 461–468). Sage Publication.
- Ridder, H. M. O. (2007). En integrativ terapeutisk anvendelse af sang med udgangspunkt i neuropsykologiske, psykofysiologiske og psykodynamiske teorier. *Psyke & logos*, 28(1), 20.
- VanWelden, K., Juchniewicz, J., Cevasco, A. M. (2008). Music Therapy Student's Recognition of Popular Song Repertoire for Geriatric Clients, *Journal of Music Therapy* (45, 4, 443–456). The American Music Therapy Association.
- Sanal, A. M. and Gorsev, S. (2014). Psychological and physiological effects of singing in a choir. *Psychology of Music*, 42(3):420–429. doi:10.1177/0305735613477181
- Sigrun Lilja Einarsdóttir & Helga Rut Guðmundsdóttir (2015). The role of choral singing in the lives of amateur choral singers in Iceland, *Music Education Research*, DOI: 10.1080/14613808.2015.1049258



Stewart, N. A. J. & Lonsdale, A. J. (2016). It's better together: The psychological benefits of singing in a choir. *Psychology of Music*. DOI:10.1177/0305735615624976

Söngvasafn. (2012).

Tarrant, M., Warmoth, K., Code, C., Dean, S., Goodwin, V. A., Stein, K. & Sugavanam, T. (2016). Creating psychological connections between intervention recipients: development and focus group evaluation of a group singing session for people with aphasia. *BMJOpen* 2016;6:e009652. doi:10.1136/bmjopen-2015-009652

Unwin, M. M., Kenny, D. T., and Davis, P. J. (2002). The effects of group singing on mood. *Psychology of Music*, 30(2):175-185. doi:10.1177/0305735602302004

Whiteman, P. J. (2001). How the bananas got their pyjamas: A study of the metamorphosis of preschoolers' spontaneous singing as viewed through Vygotsky's Zone of Proximal Development. Doktorsritgerð. University of New South Wales.

Þórunn Björnsdóttir. (1991). Hvað er svo glatt. Reykjavík: Tónlistarbandalag Íslands.

Þórunn Björnsdóttir. (1988). Syngjum saman. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

## Viðaukar

### 6.1 Spurningalisti

*Nefndu 1 – 5 lög í eftirtöldum flokkum sem þér finnst að Íslendingar ættu að kunna.*

- Ættjarðarlög – Nefndu 1 – 5
- Þjóðlög – Nefndu 1 – 5
- Barnalög – Nefndu 1 – 5
- Jólalög – Nefndu 1 – 5
- Dægurlög – Nefndu 1 – 5
- Annað sem fellur ekki undir áður nefnda flokka – ef svo er: nefndu 1 – 5 lög

*Vinsamlegast fyllið út eftirfarandi bakgrunnsupplýsingar*

Upplýsingar eru eingöngu notaðar við greiningu gagna og eru á engan hátt rekjanlegar.

*Kyn*

- Kona
- Karl
- Annað

*Fæðingarár*

*Bakgrunnur*

- Hvar liggur bakgrunnur þinn í tónlist?
- Frekar klassískur bakgrunnur
- Frekar rytmískur bakgrunnur
- Bæði klassískur og rytmískur bakgrunnur
- Annað:

## 6.2 Listi yfir öll nefnd lög

Sætistala	Sönglag	Fjöldi tilnefninga
109-232	Adam átti syni sjö	1
109-232	Að lífið sé skjálfandi lítið gras	1
109-232	Aðfangadagskvöld (Gunnar Þórðarson)	1
109-232	Afmælissöngurinn	1
109-232	Afmælisvísur (Atli Heimir Sveinsson og Þórarinn Eldjárn)	1
109-232	Allir hafa eitthvað til að ganga á	1
109-232	Allir krakkar	1
109-232	Allur matur á að fara	1
37-41	Aravísur	5
109-232	Augun þín blá	1
109-232	Á jólnum er gleði og gaman	1
1	Á Sprengisandi	25
109-232	Á sumardaginn fyrsta	1
22-25	Álfareiðin	8
74-108	Babbi segir	2
74-108	Bátur líður	2
29-36	Bí bí og blaka	6
109-232	Bíddu pabbi	1
109-232	Bíum bíum bambaló	1
8	Bjart er yfir Betlehem	15
109-232	Bjösssi á mjólkurbílum	1
109-232	Blátt lítið blóm eitt er	1
26-28	Bláu augun þín	7
109-232	Boðskapur Lúkasar	1
74-108	Braggablús	2
22-25	Bráðum koma blessuð jólin	8
109-232	Calypso	1
109-232	Dagný	1
109-232	Danska lagið	1
21	Draumur um Nínu	10
55-73	Dvel ég í draumahöll	3
109-232	Ef væri ég söngvari	1
29-36	Einu sinni á ágústkvöldi	6
74-108	Eldgamla Ísafold	2
74-108	Enga fordóma	2
42-54	Ég á líf	4
74-108	Ég á lítinn skritinn skugga	2
74-108	Ég bið að heilsa	2
109-232	Ég bý í sveit	1
109-232	Ég er lítið lasið skrímsli	1
42-54	Ég heyri svo vel	4
109-232	Ég langömmu á	1

29-36	Ég sá mömmu kyssa jólasvein	6
109-232	Ég veit þú kemur í kvöld til mín	1
109-232	Ég vil elska mitt land	1
109-232	Fallbeygingarlagið (Hljómsveitin Eggjandi)	1
29-36	Ferðalok	6
109-232	Fimm litlir apar	1
55-73	Frost er úti fuglinn minn	3
109-232	Frosti og Hlákka	1
109-232	Fröken Reykjavík	1
55-73	Fylgd	3
42-54	Gamli Nói	4
109-232	Gangbrautasöngur	1
109-232	Garún	1
55-73	Gekk ég yfir sjó og land	3
109-232	Góð börn og vond	1
109-232	Góða mamma	1
109-232	Grýla kallar á börnin sín	1
55-73	Grýlukvæði	3
109-232	Guð gaf mér eyra	1
42-54	Guttavísur	4
42-54	Göngum við í kringum	4
109-232	Göngum, göngum, göngum upp í gilið	1
22-25	Hafið bláa hafið (Sigling)	8
13-16	Hani, krummi (Dýravísur)	13
42-54	Hann Tumi fer á fætur	4
74-108	Hátíð fer að höndum ein	2
109-232	Hátíð í bæ	1
5	Heims um ból	18
109-232	Hestavísur	1
109-232	Hevenu shalom aleichem	1
74-108	Heyr mína bæn	2
109-232	Heyrið vella á heiðum	1
55-73	Hin fyrstu jól	3
74-108	Hjá þér	2
74-108	Hlíðin mín fríða	2
109-232	Hókí pókí	1
109-232	Huldun upp í hamrinum	1
42-54	Hvað er svo glatt	4
109-232	Hvar eru fuglar	1
109-232	Vem kan segla	1
17-18	Hver á sér fegra föðurland	12
109-232	Hvert örstutt spor	1
109-232	Hvít jól	1
29-36	Hættu að gráta hringaná	6
109-232	Höfuð, herðar, hné og tær	1

109-232	Indíanarnir dansa (frumsamið hreyfilag)	1
109-232	Inn og út um gluggann	1
42-54	Í Betlehem er barn oss fætt	4
109-232	Í grænni lautu	1
19-20	Í Hlíðarendakoti	11
109-232	Í leikskóla er gaman	1
109-232	Í skóginum stóð kofi einn	1
109-232	Í skólanum, í skólanum	1
9-12	Ísland er land þitt	14
42-54	Ísland farsælda frón	4
9-12	Ísland ögrum skorið	14
74-108	Íslenska stafrófið	2
109-232	Játning	1
109-232	Jólabaðið	1
109-232	Jólabarnið	1
109-232	Jólahundurinn minn (frumsamið)	1
55-73	Jólakötturinn	3
37-41	Jólasveinar einn og átta	5
13-16	Jólasveinar ganga um gólf	13
26-28	Jólin alls staðar	7
109-232	Karl gekk út	1
55-73	Karl sat undir kletti	3
37-41	Kátir voru karlar	5
109-232	Klukknahljóð	1
109-232	Kolakassinn	1
109-232	Konan sem kyndir ofninn minn	1
17-18	Krummi krunkar úti	12
3	Krummi svaf í klettagjá	21
109-232	Krumminn á skjánum (Atli Heimir Sveinsson)	1
109-232	Krúsilíus	1
109-232	Kumbara	1
9-12	Kvæðið um fuglana	14
109-232	Kvölda tekur sest er sól	1
109-232	Kæri vinur (Jón Jónsson & Björgvin Halldórsson)	1
109-232	Kærleikur og tíminn	1
55-73	Lagið um það sem er bannað	3
26-28	Land míns föður	7
109-232	Litirnir	1
19-20	Litla flugan	11
74-108	Litla kvæðið um litlu hjónin	2
109-232	Litli tónlistarmaðurinn	1
109-232	Litlu andarungarnir	1
55-73	Lífið er yndislegt	3
74-108	Lítill fugl	2
74-108	Lítlu sérhvert sólarlag	2

2	Lofsöngur	22
55-73	Lóan er komin	3
109-232	Magarena	1
109-232	Magnús raular, músin tístir	1
7	Maístjarnan	16
109-232	Malaika	1
109-232	Malakoff	1
109-232	Máninn hátt á himni skín	1
74-108	Meistari Jakob	2
74-108	Minni karla (Táp og fjör)	2
74-108	Minni kvenna (Fósturlandsins freyja)	2
37-41	Móðir mín í kví kví	5
74-108	Myndin hennar Lísu	2
13-16	Nóttin var sú ágæt ein	13
109-232	Nú árið er liðið	1
109-232	Nú blánar yfir berjamó (Gunnar Þórðarson)	1
109-232	Nú blika við sólarlag	1
109-232	Nú er glatt hjá álfum öllum	1
74-108	Nú er Gunna á nýju skónum	2
74-108	Nú er sumar	2
74-108	Nú er úti norðanvindur	2
109-232	Nú er vetur úr bæ	1
109-232	Nú liggur vel á mér	1
42-54	Ó blessuð vertu sumarsól	4
74-108	Ó fögur er vor fósturjörð	2
109-232	Ó hangiðkjöt	1
109-232	Ó Jesú bróðir besti	1
109-232	Óbyggðirnar kalla	1
109-232	Ókindarkvæði	1
55-73	Ólafur liljurós	3
29-36	Óskasteinar	6
74-108	Ríðum heim til Hóla	2
109-232	Rokkum í kringum jólatréð	1
109-232	Ryksugan á fullu	1
55-73	Sá ég spóa	3
55-73	Siggi var úti	3
55-73	Siglingavísur	3
74-108	Síldarvalsinn	2
109-232	Sjómannavalsinn	1
37-41	Skín í rauðar skotthúfur	5
109-232	Skreytum hús	1
109-232	Slá í gegn	1
74-108	Smaladrengurinn	2
74-108	Snati og Óli	2
74-108	Snemma lóan	2

109-232	Snjókorn falla	1
4	Sofðu unga ástin mín	19
109-232	Sól sól skín á mig	1
109-232	Sólskríkjan	1
109-232	Spáðu í mig	1
109-232	Sprettur	1
74-108	Stál og hnífur	2
74-108	Stingum af	2
42-54	Suðurnesjamenn	4
109-232	Sumri hallar	1
109-232	Syngur lóa	1
74-108	Söngur um lífið	2
109-232	Talnapula ("einn og tveir inn komu þeir")	1
109-232	Trampólínlagið (eftir Valgerði Jónsdóttur)	1
109-232	Traustur vinur	1
109-232	Tveir kettir	1
109-232	Tvær stjörnur	1
74-108	Undir bláhimni	2
109-232	Upp á fjall	1
109-232	Úlfurinn og kiðlingarnir (frumsamið hreyfilag)	1
109-232	Vaskur	1
74-108	Vegbúinn	2
109-232	Vera mátt góður	1
109-232	Verður ertu víst að fá	1
109-232	Vertu til er vorið kallar á þig	1
109-232	Vetrarsól	1
74-108	Við gengum tvö	2
109-232	Við skulum róa sjóinn á	1
29-36	Vikivaki	6
109-232	Vikudagarnir og mánuðirnir	1
29-36	Vísur Vatnsenda-Rósu	6
55-73	Vor í Vaglaskógi	3
55-73	Vorkvöld í Reykjavík	3
42-54	Vorvindar glaðir	4
109-232	Yfir fannhvíta jörð	1
22-25	Ýmsar stökur	8
13-16	Það á að gefa börnum brauð	13
109-232	Það búa litlir dvergar	1
109-232	Það er kominn 17. júní	1
55-73	Það er leikur að læra	3
109-232	Það er skemmtilegast að leika sér þegar allir eru með	1
109-232	Það liggur svo makalaust	1
109-232	Það vantar spýtu, það vantar sög	1
109-232	Það var um kvöld eitt að Kötum ég mætti	1
74-108	Þannig týnist tíminn	2

42-54	Þá nýfæddur Jesú	4
109-232	Þessi fallegi dagur	1
109-232	Þitt fyrsta bros	1
9-12	Þorraþræll	14
55-73	Þrettán dagar jóla	3
109-232	Þú komst í hlaðið á hvítum hesti	1
109-232	Þúsaldarljóð (Tryggvi M. Baldvinsson)	1
109-232	Þúsundfætlan	1
109-232	Þýtur í stráum	1
6	Öxar við ána	17